

18. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

10. ágúst 2021 kl. 15.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Edda Arndal og Sigríður Steinunn Einarsdóttir, fulltrúar foreldraráðs sátu fundinn. Einnig sátu Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri fundinn.

FUNDURINN FÓR FRAM Í HUPPUSAL Í FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA

DAGSKRÁ:

Dagskrá:

1. Ráðning í starf leikskólastjóra
2. Aðrar starfsmannabreytingar og mönnun leikskólans næsta vetur
3. Tölvupóstur frá foreldri vegna vistunar barns undir 18 mánaðar aldri
4. Minnisblað Skóla- og velferðarþjónustu dags. 24. júní sl. vegna starfsstarfs leikskólans og foreldra.

1. Ráðning í starf leikskólastjóra

Skv. 5. grein, H- liðar í erindisbréfi Skólanefndar Hrunamannahrepps skal nefndin „veita sveitarstjóra umsögn um ráðningu skólastjóra“. Rætt hefur verið við Ingveldi Eiríksdóttur, skólastjóra, um að taka að sér starf leikskólastjóra til eins árs.

Málið rætt. Skólanefnd mælir með ráðningu Ingveldar í stöðu leikskólastjóra, tímabundið til eins árs.

2. Aðrar starfsmannabreytingar og mönnun leikskólans næsta vetur.

Farið var yfir stöðu mála. Barnafjöldinn er 36, en einnig liggja fyrir nokkrar umsóknir um skólavist.

Ekki er orðið að fullu ljóst að leikskólinn sé orðinn að fullu mannaður, en það kemur í ljós í næstu viku þegar vinna hefst við skipulag skólaársins sem framundan er. Vonast er til að hægt verði að taka við þeim börnum sem sótt hafa um skólavist.

3. Tölvupóstur frá foreldri vegna vistunar barns undir 18 mánaðar aldri

Erindið varðar beiðni um greiðslu með barni undir 18 mánaða aldri í leikskólann í Brautarholti ef ekki verður hægt að verða við undanþágubeiðni um skólavist barnsins í leikskólann að Undralandi nú í haust, sbr. reglum leikskólans um úthlutun leikskólaplássna.

Samþykkt að vísa erindinu til leikskólastjóra, sbr. fundarlið nr. 2, hér að ofan.

4. Minnisblað Skóla- og velferðarþjónustu dags. 24. júní sl. og varðar samstarf leikskólans og foreldra.

Formaður fór yfir efni minnisblaðsins sem lagt var fyrir fundinn. Samþykkt að vísa málinu til leikskólastjóra.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.